


Siðareglur Isavia – samstæða



Siðareglur Isavia – samstæða

Útgefandi

Isavia ohf.

Dagsetning

16. september 2024

© 2024 Isavia ohf.

www.isavia.is / isavia@isavia.is

Efnisyfirlit

1 Gildissvið og markmið	4
2 Hagaðilar	5
3 Ábyrgir og góðir viðskipta- og stjórnarhættir	6
4 Hagsmunaárekstrar	7
5 Varnir gegn svikum og spillingu	8
6 Samfélagsleg ábyrgð	9
7 Starfsfólk	10
8 Vernd eigna og upplýsinga	11
9 Upplýsingagjöf	12
10 Trúnaður	13
11 Hlítirni og vernd uppljóstrara	14
12 Gildistaka og endurskoðun	15

1 Gildissvið og markmið

Siðareglur Isavia gilda um allt stjórnar- og starfsfólk innan samstæðu Isavia og er ætlað að stuðla að heilindum í rekstri Isavia, góðu orðsperi og vandaðri ákvarðanatöku

Stjórn og stjórnendur samstæðu Isavia ætla að:

- hafa forgöngu um að vera til fyrirmyndar og hafa eftirfylgni með innleiðingu siðareglanna í hávegum
- hafa eftirlit með fylgni við siðareglurnar, bregðast við ábendingum um möguleg brot og koma þeim í viðeigandi farveg
- Hvert og eitt okkar ætlar að fara eftir siðareglunum og skuldbindum við okku til að þekkja þær og skilja

2 Hagaðilar

Siðareglunum er fylgt eftir og þær túlkaðar í samræmi við markmið þeirra og hagaðila Isavia hverju sinni

Hagaðilar Isavia eru eftirfarandi:

Hluthafi Isavia

Viðskiptavinir

Birgjar

Starfsfólk

Lykilsamstarfsaðilar á flugvallarsvæðum

Innlendar og erlendar eftirlitsstofnanir og stjórnvöld

Opinberir gæsluaðilar og stofnanir tengdar almannahagsmunum

Samstarfsaðilar um flugleiðsögu

Nærsamfélag og sveitarfélög

Kröfuhafar

Fjölmiðlar

Hagsmunasamtök hagaðila, viðskiptalífs og fagstétta

3 Ábyrgir og góðir viðskipta- og stjórnarhættir

Við fylgjum lögum, reglum og leiðbeiningum sem gilda um starfsemina, ásamt gildandi stefnumörkun hverju sinni og ákvæðum alþjóðlegra sáttmála sem ná til starfsemi félagsins

- Við virðum lögboðna og góða stjórnarhætti
- Við störfum í takt við ábyrga og góða viðskiptahætti og áhættustýringu
- Við fylgjum samkeppnislögum og stundum viðskipti á sanngjarnan, heiðarlegan og siðferðilega ábyrgan hátt
- Við erum afdráttarlaus í að iðka góða viðskiptahætti og þræðum ekki mörk þess löglega eða siðferðislega rétta
- Við sýnum fagmennsku og heilindi í störfum okkar, sem og trúnað gagnvart félaginu og viðskiptavinum
- Isavia veitir almennt ekki styrki eða ráðstafar fjármunum í öðrum tilgangi en viðskiptalegum og tekur ekki þátt í stjórnmálastarfi
- Við einsetjum okkur að eiga aðeins viðskipti við birgja sem við teljum heiðvirða og tökum ekki þátt í neins konar ólögætum viðskiptum eða aðgerðum

4 Hagsmunaárekstrar

Hagsmunir okkar og Isavia fara saman. Persónulegir hagsmunir okkar eða tengdra aðila mega aldrei rekast á við starfsskyldur okkar og trúnað gagnvart félaginu

- Við forðumst hagsmunaárekstra við Isavia og viðskiptavini félagsins
- Við misnotum ekki stöðu okkar
- Við komum aldrei að ákvörðunum sem við eða aðilar tengdir okkur kunna að hafa persónulegan hag af, né sinnum öðrum störfum eða stöðum sem skapað geta hagsmunaárekstur við Isavia eða viðskiptavini félagsins

5 Varnir gegn svikum og spillingu

Svik, mútur og spilling verða aldrei liðin, né neins konar óviðeigandi fyrirgreiðsla

- Öll okkar viðskipti eru stunduð á armslengdargrunni, þ.e. á kjörum sem sambærileg eru markaðskjörum milli ótengdra aðila
- Við leggjum okkur fram um að þekkja og virða innkaupareglur
- Stjórnendur skuldbinda sig til að framkvæma allar ráðningar og framgang innan fyrirtækis á faglegum og gagnsæjum forsendum
- Við þiggjum hvorki gjafir né óviðeigandi fyrirgreiðslu sem geta dregið úr trúverðugleika
- Í vafatilvikum spyrjum við næsta yfirmann eða leitum ráðgjafar

6 Samfélagsleg ábyrgð

Við höfum sjálfbærni að leiðarljósi í öllu sem við gerum

- Við gerum okkur grein fyrir að ákvarðanir sem við tökum snerta fjölda hagaðila og tökum því ákvarðanir af ábyrgð með samfélag okkar, áhrif á hagaðila, umhverfið og efnahag í huga
- Við sýnum frumkvæði að því að auka sjálfbærni í flugvallarsamfélaginu og okkar nærsamfélagi og leggjum áherslu á gagnkvæma miðlun upplýsinga, þekkingar og reynslu
- Sjá nánar [sjálfbærnistefnu Isavia og aðgerðaráætlun](#)

7 Starfsfólk

Við virðum starfstengd réttindi starfsfólks, mannréttindi þeirra og jafnræði og við komum fram við hvert annað af virðingu og virðum mismunandi skoðanir hvers annars

- Við leggjum áherslu á velferð og réttaröryggi starfsfólks og líðum ekki neins konar ógnun eða þvingun.
- Við leggjum áherslu á fjölbreytni og jafnrétti starfsfólks
- Við leggjum áherslu á þjálfun, heilsu og öryggi
- Við forðumst að sýna af okkur hvers kyns óviðeigandi hegðun
- Sjá nánar [mannauðs- og jafnréttisstefnu](#), [vinnuverndarstefnu](#), [starfskjarastefnu](#), starfsmannahandbók, [menningarsáttmála](#) og [EKKO áætlun](#)

8 Vernd eigna og upplýsinga

Við förum vel með eignir Isavia eins og þær væru okkar eigin verðmæti og virðum rétt Isavia til þeirra

- Það er skylda okkar allra að ráðstafa eignum og fjármunum Isavia aðeins í þágu félagsins en ekki til persónulegra nota eða til hagsbóta fyrir okkur eða þriðja aðila
- Með eignum er átt við áþreifanlegar eignir s.s. skrifstofubúnað og tölvubúnað, óáþreifanlegar eignir, s.s. vörumerki, hugbúnað og hugverkaréttindi, sem og upplýsingar um Isavia, starfsfólk, viðskiptavinir, birgja og aðra hagaðila
- Við gætum sérstaklega að meðferð rafrænna gagna og meðhöndlum og varðveitum slík gögn á ábyrgan og viðeigandi hátt, m.a. til að gæta að trúnaði um þau og öryggi þeirra
- Við erum öll fulltrúar félagsins innan og utan vinnutíma, þar með talið á samfélagsmiðlum
- Við gætum alltaf að þróðmennsku okkar og sýnum ekki af okkur neina þá hegðun sem skaðað getur eða rýrt vörumerki Isavia eða önnur tengd vörumerki, eða orðspor félagsins og samstæðu þess
- Sjá nánar [upplýsingaöryggisstefnu Isavia](#)

9 Upplýsingagjöf

Upplýsingagjöf okkar til hagaðila er á hverjum tíma rétt, gagnorð og nákvæm og við felum ekki eða hagræðum upplýsingum til haghafa okkar

- Við leggjum ríka áherslu á gagnsæi fyrir haghafa okkar vegna stjórnarháttanna Isavia
- Samskiptaáætlun er samin árlega um fyrirkomulag samskipta við hagaðila
- Við gætum jafnframt ávallt að heimild okkar til að tjá okkur fyrir hönd Isavia og beinum fyrirspurnum fjölmiðla ávallt til upplýsingafulltrúa

10 Trúnaður

Við meðhöndlum trúnaðarupplýsingar af ítrustu varkárni og í takt við gildandi löggjöf hvort sem upplýsingar varða starfsfólk, viðskiptavini, birgja eða aðra samstarfaðila

- Við nýtum ekki trúnaðarupplýsingar til ávinnings, hvorki fyrir okkur sjálf né aðra
- Sjá nánar upplýsingaöryggisstefnu Isavia og ákvæði um meðferð persónuupplýsinga á [ytri vef félagsins](#)

11 Hlítni og vernd uppljóstrara

Við erum staðráðin í að láta óréttmæta viðskiptahætti aldrei viðgangast


- Hvert og eitt okkar ber ábyrgð á að standa vörð um að hvorki eigi sér stað lögbrot, brot á siðareglunum eða annars konar reglum eða gildandi starfsháttum
- Ef við erum í vafa hvort um brot er að ræða - getur hjálpað að spyrja sjálf okkur eftirfarandi spurninga:
 - Er þetta **löglegt** og í samræmi við **stefnumörkun** félagsins og **siðareglurnar**?
 - Er þetta **rétt**?
 - Hefur þetta góð áhrif á **ímynd** þína og Isavia?
 - Myndi **samviskusöm** manneskja gera þetta?
 - Líður mér **vel** með sjálfa(n) mig vegna þessa?
 - Er ég tilbúin að taka **fulla ábyrgð** á þessu og **afleiðingum** þess?
 - Er útilokað að ég nái sama markmiði á **annan hátt** sem ekki vekur upp siðferðisspurningar?
 - Get ég **sagt** viðeigandi **hagaðilum frá** þessu?
- Við förum eftir viðurkenndum leiðbeiningum um vernd uppljóstrara
- Skýrir verkferlar eru til staðar fyrir miðlun upplýsinga eða gagna um grun eða vitneskju um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi
- Stjórn og framkvæmdastjórn einsetja sér að allar grunsemdir verða rannsakaðar og brugðist verður við brotum með skipulegum og samræmdum hætti
- Stjórnendur ábyrgjast að engum verður refsað fyrir slíka tilkynningu í góðri trú

12 Gildistaka og endurskoðun

Siðareglur Isavia taka gildi við undirritun stjórnar og eru endurskoðaðar árlega og oftár ef tilefni er til.

Reykjavík 16. september 2024

Stjórn Isavia ohf.



KEF